

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 41/1957, um tollheimtu og tolleftirlit,
með síðari breytingum.

1. gr.

99. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Almennur afgreiðslutími á tollstjóráskrifstofum og í vöruhúsum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar skal vera frá kl. 08 til kl. 16 frá mánudegi til föstudags, nema um helgidag eða almennan frídag sé að ræða. Tollstjóra er heimilt að höfðu samráði við ríkistollstjóra að ákveða afgreiðslutíma innan nefndra tímamarka til samræmis við annað skrifstofuhald viðkomandi embættis eða verkefna þar eða í vörugeymslum ef þau eru ekki nægileg fyrir tollstarfsmenn allan daginn.

Almennur afgreiðslutími vegna aðkomu eða brottfarar skipa og flugvéla, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skal vera frá kl. 07 til 18 mánudag til föstudags, nema um helgidag eða almennan frídag sé að ræða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal almennur afgreiðslutími á Keflavíkurflugvelli vera frá kl. 05 til kl. 18 alla daga vikunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 145. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. febrúar 1997.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Indriði H. Þorláksson.

6. febrúar 1997

Nr. 111

SAMÞYKKT

um starfsleyfisveitingar og umsagnir
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um veitinga- og gistileyfi.

1. gr.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi í stað heilbrigðisnefndar Reykjavíkur eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum. Um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins skulu gilda ákvæði 66. - 70. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, þó þannig að skriflegar athugasemdir við starfsleyfistilögur skulu áfram berast heilbrigðisnefnd og afgreiðast af henni í samræmi við 2. mgr. 70. gr. í mengunarvarnareglugerð.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum. Ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustu-hætti við framleiðslu og dreifingu matvæla skulu gilda um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja sem upp eru talin í 2.-4., 6.-8., 11.-20. og 22. tl. 2. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, með síðari breytingum. Ákvæði 9. gr. heilbrigðisreglugerðar skulu gilda um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins.

2. gr.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur umsögn til lögreglustjóra samkvæmt 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, í umboði borgarráðs, að fenginni umsögn Borgarskipulags að því er varðar skipulags-, umferðar- og grenndarsjónarmið. Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að gefa út starfsleyfi vegna reksturs veitinga- og gististaða í samræmi við 3. og 4. mgr. 1. gr. þessarar samþykktar, með fyrirvara um leyfi lögreglustjóra samkvæmt 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar og bókaðar í fundargerð.

Synji Heilbrigðiseftirlitið um leyfisveitingu skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til málið er lagt fram í heilbrigðisnefnd.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins er honum heimilt að skjóta máli sínu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Þessi málskotsréttur takmarkar þó eigi almennan málskotsrétt samkvæmt lögum.

5. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur til breytingar á 1. tl. 9. gr. heilbrigðisreglugerðar, 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, 2. mgr. 71. gr. mengunarvarnareglugerðar og 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. og 9. gr. laganna að höfðu samráði við samgönguráðuneytið hvað snertir 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, til þess að öðlast gildi við birtingu. Samþykkt þessi gildir til 1. janúar árið 2000.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. febrúar 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.